



Sveinn Guðnason gullsmiður að störfum í vinnustofunni í verslunarhúsinu.



Helga Jónsdóttir segist vera afar ánægð með að hafa fengið húsnæðið á Laugavegi 13.



Texti: ÞJM  
Myndir af skarti:  
Guðmundur Bjarki

Erlendur ferðamaður, sem blaðamaður Lífsstíls spjallaði við, kvaðst hafa komið hingað all oft og notið þess að kynna náttúru landsins. Það sem hann sagði að sér þætti vænst um af þeim minjagripum, sem hann hafði keypt hér á heimsóknum sínum, eru þeir skartgripir sem hann hefur fengið í Gullkúnnst Helgu við Laugaveg. Efniviðurinn og sá sköpunarkraftur sem greinilega lægi að baki smíðinni endurómaði vel þá orku sem býr í landi og þjóð.

Þau Helga Jónsdóttir og Sveinn Guðnason tefla hiklaust saman íslensku hrauni við ræktaðar perlu, silfur, gull og steina. Sterkar andstæður í litum og efni fá notið sín í smíðavinnu gullsmiðanna tveggja sem gæta þess vel að láta hrjúfa áferð efnisins njóta sín sem best. Það er hvorki tilgerð eða tepruskap að finna í skartgripum þeirra. Hér eru sannir listamenn að verki.

Húsakostur skartgripabúðarinnar er við hæfi. Gullkúnnst Helgu er í björtu og rúmgóðu húsnæði sem hefur á sér yfirbragð listmunahúss þar sem vel er búið að sýningarmuninum. Úrval skartgripa er gríðarlegt án þess að gripunum ægi saman. Mikið af skartinu er á bak við luktur dyr og í lokuðum skúffum sem lokið er upp þegar ljóst er að hverju viðskiptavinurinn er helst að leita. Í gluggum og á einstaka vegg blasir við myndlist sem er raunar risastórar ljósmyndir af smíðagripum gullsmiðanna.

Helga er af sannkallaðri gullsmíðaaætt. Leifur Jónsson gullsmiður, sem lengi rak Gullhöllina, er bróðir hennar, Jóhannes Leifsson gullsmiður er



móðurbróðir hennar og Jón Sigmundsson gullsmiður er langafabroðir hennar. Enn er ekki allt upp talið þó hér sé látið staðar numið.

Helga starfaði fyrst sem setjari en þegar hún ákvað að láta drauminn um gullsmíði rætast tók Leifur bróðir hennar hana í læri. Eftir að hafa eignast börn og helgað sig heimilisstörfunum alfarið í nokkur ár tók hún gullsmíðina föstum tökum og keypti Gullkúnnst ásamt eiginmanni sínum Hallgrími T. Sveinssyni árið 1993. Gullkúnnst Helgu hafði verið á tveimur öðrum stöðum við Laugaveg áður en henni bauðst verslunarhúsnæðið á Laugavegi 13 þar sem áður voru Habitat og húsgagnaverslun Kristjáns Siggeirssonar.

Helga segist ekki hafa getað hugsað sér ánægjulegra starf en gullsmíðina og þegar hún

er að smíða stóra og veglega hluti úr silfri á hún auðvelt með að gleyma stund og stað og vinnur langt fram á kvöld.

Stíllistar sinna afgreiðslustörfum í Gullkúnnst Helgu en vinnustofa gullsmiðanna tveggja er inn af versluninni og því er auðvelt fyrir viðskiptavinina að komast í samband við þá þegar þeir hafa einhverjar séróskir fram að færa. Það er t.d. ekki óalgengt að þeir komi með safn gamalla skartgripa sem þeir eru hættir að nota og vilja fá smíðaðan nýjan grip úr gullinu eða silfrinu. Er það auðsött mál.

Loks má geta þess að í versluninni er selt úrval innfluttra skartgripa sem og mjög nútamleg armbandsúr eftir þýska hönnuðinn Rolf Cremer og líkjast úrin frekar fallegum armböndum en úrum.

# Skartgripa- listhúsið hennar Helgu

